

# Reglugjörð

104  
6. ágúst.

fyrir

## bændaskólann á Hvanneyri.

### *I. Tilgangur skólans og námstími.*

1. gr.

Tilgangur skólans er að veita bændaeftum nauðsynlega sjerþekking til undirbúnings stöðu þeirra.

2. gr.

Námstíminn er tveir vetur. Skólaárið telst frá 15. október til 30. apríl næst á eftir. Jólaleyfi skal vera frá 22. desember til 4. janúar, að báðum þeim dögum meðtöldum. Kensla fer og ekki fram laugardag næstan fyrir páska og fyrsta sumardag.

### *II. Stjórn og fyrirkomulag.*

3. gr.

Landsstjórnin hefir á hendi yfirumsjón skólans. Hún skipar skólastjóra, og kennara eftir samráði við skólastjórnann.

4. gr.

Skólastjórinn hefir umsjón og stjórn skólans á hendi. Hann skal og annast reikningshald skólans og aðra bókfærslu.

Reikningsár skólans er almanaksárið. Skulu reikningar hans sendir stjórnarráðinu fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert.

Skólastjóri skal árlega semja skýrslu um skólann og senda hana stjórnarráðinu.

5. gr.

Nemendur fá ókeypis í skólanum: kenslu, húsnæði, rúmstæði með dýnum, ljós og hita. Að öðru en þessu kosta nemendur sig sjálfir.

6. gr.

Auk hinnar reglulegu kenslu skal árlega hafa eitt eða fleiri stutt kensluskeið fyrir bændur og bændaeftni. Kensluskeið þessi skulu höfð síðari hluta vetrar og ná yfir 7 til 10 daga.

104. Kenslan skal vera fólgin í fyrirlestrum í sambandi við umræðufundi um 6. ágúst. búnaðarmál.

### III. Inntaka og inntökuskilyrði.

#### 7. gr.

Bónarbrjef um inntöku í skólann skulu send skólastjóra fyrir lok júnimánaðar ár hvert. Skólastjóri veitir inntöku í skólann og tilkynnir umsækjanda veitinguna.

#### 8. gr.

Til inntöku í skólann útheimtist:

1. Að umsækjandi sje ekki haldinn neinum sjúkdómi eða öðrum þeim líkamskvilla, er orðið geti hinum nemendum að skaða.
2. Að umsækjandi sje eigi yngri en 18 ára. Frá þessu skilyrði má veita undanþágu eftir ástæðum.
3. Að umsækjandi sje síðsamur og hafi unnið að minsta kosti eitt ár að almennum bústörfum.
4. Að hann hafi gengið að minsta kosti einn vetur í unglingaskóla eða lýðháskóla, nema hann sanni með vottorðum, að hann sje vel læs og vel skrifandi, kunní í reikningi 4 höfuðgreinar í heilum tölum og brotum, riti íslensku stórlýtalaust og skilji auðveldla dönsku.

Skilríki frá sóknarpresti eða tveim valinkunnum mönnum fyrir þessum atriðum eiga að fylgja inntökubeiðninni, svo og yfirlýsing frá fullveðja manni um, að hann gangi í ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum umsækjanda við skólastofnunina. Vottorð læknis um heilbrigðisástand umsækjanda skal einnig fylgja inntökubeiðninni.

Auk þessa eru sjerstök skilyrði fyrir inntöku í eldri deild skólans, (sbr. 16. gr.).

### IV. Kenslan.

#### 9. gr.

Kenslan skal fara fram í fyrirlestrum í þessum námsgreinum: sögu, reikningsfærslu, edlisfræði, efnafræði, grasafræði, dýrafræði, líffærafræði, steina- og jarðfræði, jarðræktarfræði, búfjárfræði, mjólkurfræði og búnaðarhagfræði. Yfirheyrslur skulu fara fram eftir ákvæðum skólastjóra og kennara. Sama gildir og um skrifleg úrlausnarefni, er lögð eru fyrir nemendur.

## 10. gr.

104

6. ágúst.

Til verklegra tilrauna í efnafræði, edlisfræði, grasafræði, líffærafræði o. fl. skal sjerstök stofa ætluð, þar sem nemendur undir umsjón kennaranna gera ýmsar tilraunir, er sjeu bóklegu kenslunni til skýringar. Stofu þessa má jafnframt nota til lestrarstofu, þar sem nemendum gefst kostur á að hagnýta sjer bókasafn skólans á ákveðnum tímum undir umsjón kennaranna.

Sjerstök stofa sje ætluð til að geyma í tæki, kensluáhöld og bækur skólans.

## 11. gr.

Í skólanum skal kenna auk þess, sem nefnt er í 9. gr: íslensku, stærðfræði, dráttlist, landmælingar, söng, leikfimi og glimur.

## 12. gr.

Í skólanum skal kenslunni hagað svo sem hjer segir um hverja grein:

1. *Móðurmálið*. Markmið kenslunnar er, að nemendur læri að lesa íslenskt mál áheyrilega og tala það og rita rjett, ljóst og lipurt. Skal í hvivetna reynt að glæða ást nemendanna á íslenskri tungu og bókmentum og vekja þá til umhugsunar um gildi þeirra.
2. *Saga*. Saga landsins sögð og þá einkum búnaðar- og verslunarsaga og nemendum kent að færa sjer í nyt skýrslur um atvinnuvegi vora og þjóðarhag. Helstu atriði búnaðarsögu Norðurlanda skulu einnig sögð, einkum um samvinnu og fjelagsskap.
3. *Stærðfræði*.
  - a. *Reikningur*. Í honum skal kenna: einingareikning, hlutfallareikning, prósentureikning, rentureikning og deilingarreikning; einnig blöndunarreikning og keðjureglu.
  - b. *Flata- og rúmmálsfræði*. Skýra skal algengustu flatarmyndir og líkama-laganir og kenna að reikna út flatarmál þeirra og teningsmál. Jafnframt skal kenna rótarútdrátt af stærðum í öðru og þriðja veldi.
4. *Reikningsfærsla*. Nemendurnir skulu fá form fyrir búreikningum og læra að nota þau. Skýra skal og lögum einfaldra viðskiftareikninga. Í sambandi við reikningsfærsluna ættu nemendur að fá skýringu á því, hver sjeu hin helstu opinber gjöld hjer á landi og nokkura æfingu í að reikna þau út.
5. *Dráttlist*. Kenslan skal fyrst og fremst miða að því að örfa eftirtekt nemendanna, svo að þeir geti dregið upp myndir af auðveldum hlutum, sem þeir hafa fyrir sjer. Þeir skulu og læra hringskrift, venjast við notkun teikni-áhalda og fá talsverða æfingu í að draga upp myndir af verkfærum og húsum; einnig að gera uppdrætti af landspildum, sem þeir hafa verið að mæla.
6. *Edlisfræði*. Í henni skal einkum lögð áhersla á hitann og helstu lögmáls-greindir aflfræðinnar. Grundvallaratriði veðurfræðinnar skulu og kend; einnig aðrir kaflar edlisfræðinnar eftir ástæðum.
7. *Efnafræði*. Nemendurnir skulu fá fræðslu um hin helstu frumefni, efnasambönd og efnabreytingar. Aðaláherslan skal lögð á að skýra efnabreytingar þær, er verða í jarðveginum og í dýrum og jurtum.

- 104** 8. *Grasafræði*. Í henni skal kent hið helsta um bygging, eðli, vöxt og þroskunaraskilyrði plantnanna. Skýra skal einnig skifting plönturíkisins, og skulu nemendur læra að þekkja helstu ættir og jurtir, er þýðingu hafa fyrir íslenskan búnað.
9. *Dýrafræði*. Taka skal stutt yfirlit yfir byggingu mannsins, sömuleiðis yfir helstu flokka dýraríkisins, einkum með tilliti til breytilegs skapnaðar dýranna í samræmi við lífsskilyrði þeirra og lífnaðarháttu.
10. *Lífærafræði*. Bygging og eðli búfjár skal skýrt fyrir nemendum.
11. *Steina- og jarðfræði*. Kenna skal stutt ágríp af steinafræði og jarðfræði. Sjerstök áhersla skal lögð á jarðmyndun Íslands og helstu steina- og bergtegundir hjer á landi og þýðingu þeirra fyrir jarðvegsmyndunina.
12. *Jarðræktarfræði*.
- Jarðyrkjufræði*. Um eðli og samsetning jarðtegunda, um áburð, framræslu, vatnsveitingar og grasrækt.
  - Garðyrkjufræði*. Um ræktun garðjurta þeirra og runna, sem reynslan hefir sýnt, að geti þrífist hjer á landi.
  - Skógræktarfræði*. Um gróðursetning og meðferð þeirra trjátegunda, sem þrífist geta hjer á landi.
  - Verkfærafræði*. Lýsing á þeim jarðyrkjuverkfærum, sem komið verður við að nota hjer á landi.
13. *Búfjárfræði*.
- Um hinar helstu búfjartegundir og kyn þeirra, uppeldi, fóðrun, meðferð, kynbætur, og um byggingareinkenni vel nothæfra húsdýra.
  - Um helstu heilbrigðisskilyrði búfjár og algengustu sjúkdóma í búfje hjer á landi og meðferð þeirra.
14. *Mjólkurfræði*. Um eðli mjólkur og efnasamsetning, tilbúning smjörs og osta, fitumælingar með »Gerber's« fitumæli.
15. *Búnaðarhagfræði*. Skýra skal helstu skilyrði þess, hvernig hægt sje að gera búnaðinn arðvænlegan.
16. *Landmælingar*. Útskýringar á grundvallaratriðum þeim, er verklegar land- og hallamælingar byggjast á.
17. *Söngur* sje talsvert iðkaður; skal einkum syngja íslensk ættjarðarljóð.
18. *Leikfimi*. Nemendurnir skulu hafa reglubundnar líkamsæfingar, er miði að því að gera líkama þeirra hraustan, styrkan og fíman. Þeir skulu einnig æfa glímur.

## 13. gr.

Til þess að kenslan geti verið í sem nánustu sambandi við hina verklegu framkvæmd í búnaðinum, er kennurunum skylt að sýna nemendum þær jarða- og húsabætur, sem gerðar hafa verið á skólasetrinu. Einnig skal þeim heimilt að koma í peningshús og skoða búpening svo oft sem þörf gerist vegna kenslunnar, undir umsjón kennara.

## 14. gr.

104

6. ágúst.

Á hverju námstímabili skulu kennararnir fara með nemendum eina ferð til einhverra fyrirmyndarbúa, eftir ákvæðum skólastjóra, þar sem piltum gefst kostur á að kynna sjer einhverjar framkvæmdir í búnaði. Á ferðum þessum skulu kennararnir einnig skýra það fyrir þeim, sem fyrir augun ber á svæði því, sem farið er um. Greiða handa piltum og kennurum, sem leiðir af þessu ferðalagi, skal borga af fje skólans. Rita skal skýrslur um ferðir þessar í bækur, sem leggist við bókasafn skólans.

V. *Verkleg kensla.*

## 15. gr.

1. Skólabúið skal rekið þannig, að það geti veitt alt að 10 nemendum kenslu í almennum jarðabótastörfum. Sömuleiðis ætti það að geta veitt nemendum, að afloknu námi, kenslu í hirðingu búfjár að vetrinum, ef þeir óska þess. Verklega kenslan skiftist í tvö námsskeið; annað að vorinu, er byrjar 12. maí og endar 30. júní, hitt að haustinu, er standi yfir síðari helming septembermánaðar frá 15. degi hans að telja.
2. Við skólann skal, eftir því sem fjárveitingarnar til hans leyfa, komið upp gróðrarstöð. Í henni sjeu ræktaðar garðjurtir, grasjurtir og trjáplöntur, sem vissa er fengin fyrir, að þrífist geta hjer á landi. Gætu 2 til 4 nemendur fengið þar kenslu í jurtarækt á ári hverju.
3. Við skólann skulu vera tók á að veita nemendum kenslu í að smíða hestajárn, amboð og önnur einföld búskáhöld og verkfæri.
4. Auk þessa skal skólinn leitast við að útvega nemendum verklega kenslu hjá væntanlegum gróðrarstöðvum og fyrirmyndarbændum.
5. Verklegar æfingar í land- og hallamælingum fari fram á skólasetrinu seinni hluta aprilmánaðar ár hvert.

Allir þeir, sem stunda verklegt nám á skólanum eða utan hans, skulu skyldir til að færa dagbækur eftir fyrirmyndum þeim, er skólinn setur. Dagbækurnar skulu undirskrifaðar af húsbændum verknema og síðan afhentar skólastjóra, og sjeu þær eign skólans.

Þeir, sem stunda verklegt nám við skólann eða undir umsjón hans, skulu vera látnir sitja fyrir styrk þeim, sem nemendum er veittur.

VI. *Próf og vitnisburðir.*

## 16 gr.

Verunni í skólanum fylgir engin prófskylda. En nemendur þeir, sem óska þess, geta fengið að taka próf samkvæmt því, sem hjer segir:

Í byrjun síðara skólaársins sje prófað í þessum greinum: eðlisfræði, efnafræði, grasafræði, steina- og jarðfræði.

Auk nemanda þeirra, sem verið hafa í yngri deild skólans næsta skólaár á undan, geta nýsveinar þeir, er óska að dvelja í eldri deild skólans, fengið að taka prófið. Próf þetta er inntökuskilyrði fyrir þá í deildina.

**104** Einkunnir þær, er nemendur fá við próf þetta, skulu taldar með ein-  
f. ágúst. kunnunum í öðrum greinum, ef þeir taka burtfararpróf.

Í lok síðara skólaárs skal prófað í öðrum bóklegum námsgreinum.

### 17. gr.

Próf í íslensku og stærðfræði sje skriflegt. Skulu gefnar sjerstakar ein-  
kunnir fyrir hvort um sig reikning og flata- og rúmmálsfræði.

Í jarðræktarfræði og búfjárfræði sje prófið bæði skriflegt og munnlegt.  
Skulu sérstakar einkunnir gefnar fyrir hvort um sig í hvorri grein.

Í öðrum námsgreinum er prófið munnlegt.

Í dráttlist gefast einkunnir fyrir uppdrætti þá, sem nemendur hafa gert  
yfir skólatímann.

Gefa skal einkunnirnar ágætlega, dável, vel, laklega, illa og afarilla, er  
jafngildi tölunum 6, 5, 4, 3, 2, og 1. Má auka eða minka gildi þeirra með +  
eða ÷ (ágætlega verður þó ekki aukið nje afarilla minkað). Aukning þessi og  
afdráttur táknað í tölu með brotinu  $\frac{1}{3}$ .

Einkunnirnar reiknast þannig til stiga: ágætlega = 8, ágætlega ÷ =  $7\frac{1}{3}$ ,  
dável + =  $6\frac{2}{3}$ , dável = 6, dável ÷ =  $5\frac{1}{3}$ , vel + =  $4\frac{2}{3}$ , vel = 4, vel ÷  
= 3, laklega + = 2, laklega = 1, laklega ÷ =  $1\frac{1}{3}$ , illa + =  $2\frac{2}{3}$ , illa  
= ÷ 4, illa ÷ = ÷  $5\frac{1}{3}$ , afarilla + = ÷  $6\frac{2}{3}$ , og afarilla = ÷ 8.

Til fyrstu einkunnar útheimtað 128 stig, til annarrar einkunnar 72 stig,  
en til þriðju einkunnar 48 stig.

Sá, sem fær lægri aðaleinkunn en 48 stig, hefir eigi staðist prófið.

### 18. gr.

Nemendur þeir, sem hafa staðist prófið, skulu fá prófskirteini, er sýni  
einkunnir þeirra í hverri námsgrein og vottorð um hegðun í skólanum.

Nemendur þeir, sem eigi taka burtfararpróf í öllum prófgreinum, geta  
ekki krafist vitnisburðar fyrir annað en ástundun við námið og hegðun í skólanum.

### 19. gr.

Stjórnarráðið skipar prófdómenur við burtfararprófið.

Það gefur einnig út eyðublöð fyrir prófskirteini og vottorð.

### 20. gr.

Nemendur þeir, er stundað hafa verklegt nám undir umsjón skólans, eiga að  
fá vitnisburð fyrir verklega þekkingu og dugnað hjá þeim, sem þeir hafa unnið hjá.

Dagbækur nemandanna skulu yfirlesnar og dæmdar af skólastjóra og  
kennurum skólans eða af tveim mönnum, er stjórnarráðið skipar til þess. Dag-  
bókarfærslan getur haft áhrif á upphæð styrks þess, er nemendur fá til verknáms.

Í stjórnarráði Íslands, 6. ágúst 1908.

**H. Hafstein.**

*Jón Hermannsson.*